

kostnaður, bæði aðal- og gagnsakar fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Lýðsson fyrir hönd Lyder Höydals, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Laxdals, í aðalsök, og áfrýjandi á að vera sýkn af kröfum stefnda í gagnsök þessa máls. Málskostnaður bæði fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi falli niður.

Ár 1914, mánudaginn 9. nóv. var í landsyfirdóminum í málinu 45/1914

Réttvísinn
gegn

Jakobi Guðmundssyni.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta var höfðað af hálfu réttvísinnar gegn ákærða Jakobi Guðmundssyni þurrabúðarmanni í Hjarðarholti í Glæsibæjarhreppi fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu fyrir brot gegn 23. kapitula almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og var ákærði með dómi sama réttar, gengnum 20. marz þ. á., dæmdur í 5 daga fangelsi við vata og brauð og til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsfærslukaup til verjanda í héraði, 10 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Ákærði er fæddur 24. jan. 1871 og hefir með auka-
réttardómi í Þingeyjarsýslu 11. júlí 1898 verið dæmdur
í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað. Að
öðru leyti hefir ákærði eigi sætt refsingu né ákæru fyrir
neitt refsivert athæfi.

Haustið 1913 hafðist Árni nokkur Jóhannesson við
á heimili ákærða, Hjarðarholti svonefndu í Glæsibæjar-
hreppi í Eyjafjarðarsýslu. Flutti Árni þessi þangað meðal
annars kúffort, og hafði geymt í því auk annars 2 50-
króna seðla. Var kúffortið að vísu læst, en lykillinn að
því var látinn hanga á nagla eða snaga fyrir allra sjónum
í herberginu, þar sem það var geymt. En í sama her-
bergi hafðist ákærði við áamt bústýru sinni, tveim börn-
um þeirra og Arna þessum. Dag einn í fyrri hluta nóvbr.
í fyrra haust var Árni fjarverandi í vinnu þar í nánd.
Hefir ákærði, sem þóttist vita, að Árni hefði þar pen-
inga undir höndum, játað sig hafa þá tekið lykilinn
að kúffortinu, er þá hékk þar uppi, sem áður segir,
opnað kúffortið með lyklinum og tekið úr því um-
rædda 2 50-króna seðla og hagnýtt sér upphæðina.
Greiddi hann sumpart með henni ýmsar smáskuldir, en
sumpart keypti hann fyrir hana ýmiskonar búðarvarning,
mat og fót handa skylduliði sínu. Ákærði kveður sig
hafa freistast til þessa verknaðar af fátækt sinni. Hafi
hann búist við því, að verða að fara á sveitina vegna
efnaleysis, og svo hafi skuldheimtumenn hans haft á orði
að ganga hart að honum, taka af honum kot það, er
hann hafði bygt þar handa sér. Ákærði virðist vera fát-
ækur verkamaður, er einnig átti fyrir fjölskyldu að sjá,
og þykir því skýrsla hans um hvatir til verksins eigi
ósennileg.

Brot ákærða, sem þannig er sannað með eigin játningu hans og öðrum gögnum, heyrir undir 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði, 10 kr., og málfærslukaup til hins skipaða sækjanda málsins og verjanda fyrir yfirdómi, 15 kr. til hvors þeirra. Iðgjalda fyrir hina stolnu upphæð hefir eigi verið krafist í þessu máli.

Það athugast, að undirdómarinn hefir eigi, svo séð verði, látið birta ákærða aukaréttardóminn eins og boðið er í tilskipun 3. júní 1796 33. gr., einnig vantar í aukaréttardóminn vottorð um lögmæti málsmeðferðarinnar í héraði samkvæmt 35. gr. sömu tilskipunar. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið vítalaus og flutningur þess fyrir yfirdóminum lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Guðmundsson á að sæta 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til yfirréttarmálaflutningsmanns Björns Línalds 10 kr. og málaflutningskaup til hins skipaða sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Ár 1914, mánudaginn 9. nóv., var í landsyfrréttinum í
málinu 21/1914

Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps-
gegn

Jóni Markússyni og
Þorláki Einarssyni.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Þann 20. des. 1912 gerðu hinir stefndu, Jón Markússon og Þorlákur Einarsson, samning með sér um kaup á eignar- og ábylisjörð Jóns Syðsta-Samtúni í Glæsibæjarhreppi, skyldi Þorlákur greiða 1700 kr. fyrir jörðina, og var samningurinn þinglesinn 20. maí f. á., án þess að hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps væri boðið að kaupa jörðina áður en sala þessi fór fram. Téðri hreppsnefnd, áfrýjanda þessa máls, þótti sem gengið væri með þessu á rétt hreppsins samkvæmt lögum nr. 30, 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl., þar sem hún leit svo á, að hreppurinn ætti að ganga fyrir öðrum um kaup á jörðinni. Höfðaði nefndin því þetta mál fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar á hendur hinum stefndu til að fá jarðakaupin ónýtt og jörðina dæmda hreppnum til eignar fyrir hið umsamda verð, og stefnda Jón Markússon dæmdan í skaðabætur fyrir tjón það, er hreppurinn